



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 150 Reykjavík - Sími 5459500 - Bréfasími 5623068
Kt: 460269-2969 - Netfang: postur@mrn.stjr.is

Flokkun sérparfa í kennslu og ADL

SÉRKENNSLA 1

Nemandi hefur sérparfir vegna sértækra námserfiðleika sem orsakast af fötlun. Hann þarf stuðning vegna skorts á einbeitingu og erfiðleikum við að skilja fyrirmæli og fylgja þeim. Stuðningur felst í fáeinum tímum í viku eða námsvíst á starfsbraut.

Á starfsbraut er vikið frá aðalnámskrá framhaldsskóla eða kennt eftir námskrá starfsbrauta. Kennsla er byggð á rökstuddri námsáætlun fyrir nemendahóp en í stöku tilvikum þarf að vinna skv.einstaklingsáætlun. Nemendur á starfsbraut geta að einhverju leyti sótt tíma á öðrum námsbrautum en fylgja að öðru leyti sínum hópi sem getur talið 8-12 nemendur í bóklegum greinum eða 4-6 í verklegum. Kennt er eftir námskrá starfsbrautar 1.

SÉRKENNSLA 2

Nemandi hefur sérparfir í flestum eða öllum námsgreinum vegna náms- og samskiptaörðugleika sem orsakast af fötlun. Hann þarfnast daglegs utanumhalds og þarf að eiga heimastofu og fastan umsjónarkennara en nýtur einnig kennslu faggreinakennara. Nokkur skortur á skynjun, rökhugsun eða félagslegum samskiptum veldur þörf fyrir allmikla einstaklingskennslu.

Á starfsbraut er vikið frá aðalnámskrá framhaldsskóla að nánast öllu leyti. Hægt að kenna í 4-6 manna hópum. Nemandinn getur e.t.v. í einstaka tilvikum sótt tíma á öðrum námsbrautum en allt námsefni er aðlagð að þörfum nemendanna. Kennsla byggist á einstaklingsáætlun sem nýtist öllum kennurum hans. Þar er tekið tillit til sterkra og veikra þátta nemandans. Kennt er eftir námskrá starfsbrautar 1 og 2

SÉRKENNSLA 3

Nemandinn hefur sérparfir vegna alvarlegrar fötlunar. Hann þarf mikið utanumhald og stöðuga aðstoð og einstaklingskennslu í öllum námsgreinum. Allmikil tengsla- og samskiptatruflun og skortur á skynjun, rökhugsun, félagslegum samskiptum og athöfnum daglegs lífs veldur því að gera þarf einstaklingsnámskrá fyrir hvern einstakan nemanda út frá námsþörfum hans. Allt námsefni er aðlagð fyrir hann eða útbúið sérstaklega. Einn kennari getur sinnt 2-3 nemendum. Kennt er eftir námskrá starfsbrautar 2 og 3

SÉRKENNSLA 4

Nemandi þarf fulla aðstoð og athygli eins starfsmanns allan skólatímann vegna alvarlegrar fötlunar sem veldur mikilli tengsla- og samskiptatruflun. Nemandinn á mjög erfitt með skynjun, rökhugsun, boðskipti, líkamsbeitingu, sjálfshjálp, félagsleg samskipti og athafnir daglegs lífs. Kennsla felst að miklum hluta í einföldum æfingum og aukinni leikni í athöfnum daglegs lífs. Kennt er eftir námskrá starfsbrautar 3.

ADL 1

Nemandi hefur sérparfir við athafnir daglegs lífs vegna fötlunar. Aðstoða þarf nemanda reglulega við daglegar athafnir varðandi heilsu, hreyfingu og hreinlæti eða veita aðstoð við að skilja og túlka umhverfið allt að þriðjungi námstímans. Stuðningsaðili er til taks fyrir nokkurn hóp nemenda (ca. 4-10 klst. á viku fyrir hvern nemanda).

ADL 2

Nemandi hefur sérparfir við athafnir dagslegs lífs vegna fötlunar. Hann þarf reglulega aðstoð við athafnir varðandi heilsu, hreyfingu og hreinlæti eða aðstoð við að skilja og túlka umhverfið í allt að helmingi námstímans. Stuðningsaðili er alltaf til taks og sinnir fáum nemendum (ca. 12-18 klst. í viku fyrir hvern nemanda).

ADL 3

Nemandi hefur sérparfir við athafnir daglegs lífs vegna fötlunar. Hann þarf stöðuga aðstoð við athafnir varðandi heilsu, hreyfingu og hreinlæti og mikla aðstoð við að skilja og túlka umhverfið allan námstímann. Stuðningsaðili er alltaf til taks og sinnir 1-2 nemendum (ca. 20-26 klst. í viku fyrir hvern nemanda).